

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 5. desember 2001

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um lögbann og dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda (150. mál)

I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. nóvember sl., sem barst hinn 13. nóvember sl. varðandi umsögn um 150. mál. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um frumvarpið eins og það liggur fyrir.

BHM vill lýsa yfir stuðningi við að réttarúrræði þetta úr Evrópurétti verði lögfest með þessum hætti og neytendum á EES-svæðinu þar með tryggður möguleiki á að fylgja eftir með sambærilegum hætti réttarvernd sem tryggð er í efnisrétti EES-réttar og landsréttar einstakra landa.

II

Um einstök ákvæði skal tekið fram að íhugunarefni er hvort rétt er að eftirláta handhafa reglugerðarvalds að skilgreina réttarstöðu félagasamtaka eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins eða hvort löggjafinn getur sett almennar efnisreglur sem kveða á um réttarstöðu félagasamtaka hvað varðar það réttarúrræði sem lagt er til í frumvarpinu. Einnig er álitamál hvort það stenst félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar og málsóknarákvæði í upphafi 70. gr. að binda réttarstöðu þessa sérstakri útnefningu af hálfu stjórnvalda eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Eðlilegra væri að nægilegt væri að félagasamtök – sem í sumum tilvikum gætu verið orlofssjóðir, sbr. hugsanlega 5. og 8. tl. 1. gr. frumvarpsins – hefðu þessa réttarstöðu óháð afstöðu stjórnvalda og sérstök útnefning væri ekki formskilyrði.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM og Orlofssjóðs BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM og Orlofssjóðs BHM.